

Minnisblað frá starfshópi menningar, tómstunda og íþróttar

Mikil hefð er fyrir ríku menningar-, tómstunda og íþróttalífi í sveitarfélögunum Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi. Málaflokkurinn skiptir því íbúa svæðisins miklu máli enda starfa fjölmörg félagasamtök og íþróttafélög á svæðinu. Starfsemi þessara flokka stuðla meðal annars að samveru, félagslífi, bættri andlegri og líkamlegri heilsu og vellíðan ásamt auknu hreysti.

Við gerð þessa minnisblaðs er horft til eftirfarandi punkta:

- Framtíðaráskoranir í sameinuðu sveitarfélagi
- Framtíðarsýn í sameinuðu sveitarfélagi
- Hvað þarf að varast í sameinuðu sveitarfélagi?
- Hvað viljum við ekki missa?

Sveitarfélagið er víðfeðmt, dreifbýlt og langar vegalengdir á milli staða. Þetta hefur ýmsar áskoranir í för með sér eins og t.d. kostnaður og tími sem fer í það að ferðast. Þarfagreining og stefnumótun í samráði við íbúa svæðisins er nauðsynleg ef af sameiningu verður. Sameinað sveitarfélag getur hins vegar myndað stefnu varðandi samnýtingu starfsfólks og aðstöðu í samvinnu við félagasamtök sem getur eflt málaflokkana og hvatt þannig til meiri og betri samvinnu svæða innan nýs sveitarfélags.

Haldið hefur verið utan um málaflokkana á mismunandi hátt; af sveitarfélögunum, íbúum svæðisins og félagasamtökum. Skútustaðahreppur er t.d. Heilsueflandi samfélag, með lýðheilsustefnu, fjölmenningsstefnu og menningarsstefnu. Stefnumótunin er nú þegar til staðar og er auðvelt að samræma það yfir á nýtt, sameinað sveitarfélag. Nauðsynlegt að móta áfram skýra stefnu í þessum þremur málaflokkum til þess að stuðla áfram að öflugum starfi á svæðinu.

Þrátt fyrir aukna samvinnu er mikilvægt að svæðin haldi sérstöðu sinni og sínum einkennum. Það þarf ekki að steypa allt í sama formið.

FRAMTÍÐARÁSKORANIR Í SAMEINUÐU SVEITARFÉLAGI:

Vegalengdir/samgöngur: Akstur er án vafa stærsta áskorunin í öllu dreifbýli. Nauðsynlegt er að mynda stefnu um þetta mál verði af sameinuðu sveitarfélagi.

- Akstur vegna eldri borgara starfs, íþróttastarfs, félagsmiðstöðva, frístundastarfs og fleira.
- Á fólk að koma sér sjálf? Á að samnýta ferðir? Á að setja upp akstursáætlun? Á að setja upp akstursstyrk?

Fámenni/Fólksflutningar/Brottfall:

- Erfitt að halda úti alls kyns starfsemi vegna fámennis, bæði þeir sem geta séð um starfsemina og fjöldi iðkenda.
- Sveitarfélögin viðkvæm fyrir fólksflutningum, munar mikið um hvern og einn.
- Hlutir oft gerðir með einstaklingsframtaki

Nálægð við stærri þéttbýli:

- Bæði Akureyri og Húsavík eru fjölmenn þéttbýli með meira og öflugra framboð af íþrótt-, tólmstunda- og menningarstarfi (fleiri iðkendur og fleiri möguleikar).

Samræma stuðning við félagasamtök:

- Íþróttafélög, björgunarsveitir, slysavarnadeildir, menningarfélög o.þ.h.

Halda nýliðun í félagasamtökum.

Rekstrarkostnaður íþróttamannvirkja, félagsheimila og annarra menningarmannvirkja:

- Á svæðinu öll eru mörg mannvirki rekin af hvoru sveitarfélagi. Framtíðaráskorunin er að halda þessum mannvirkjum í rekstri.
 - Mannvirki (ath. ekki tæmandi listi): Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps, Sundlaugin á Laugum, íþróttahús Framhaldskólans á Laugum, Krossmúlavöllur, Laugavöllur, Geislavöllur, Bjarmavöllur, Skjólbrekka (bókasafn), Ýdalir (íþróttasalur), Ljósveitingabúð, Kiðagil, Stórutjarnaskóli (íþróttasalur/sundlaug/bókasafn), Breiðamýri, Bókasafn Reykdæla í Seiglu, Bókasafn Aðaldæla í Þingeyjarskóla.

FRAMTÍÐARSÝN Í SAMEINUÐU SVEITARFÉLAGI:

Möguleiki á samnýtingu starfsfólks:

- Starfsfólk íþróttamannvirkja, í félagsstarfi, í menningarstarfi o.þ.h. Efla starfsfólkið og meiri sérhæfing.

Hvetja til samvinnu og samstarfs félaga:

- Félögin efla hvort annað með samnýtingu aðstöðu og t.d. þjálfara.
- Opnar fleiri möguleika varðandi þátttöku.
- Öflugri félög í krafti fjöldans.

Sameinað sveitarfélag getur boðið upp á akstur í menningar,- íþróttá-, og tómstundastarf

- Styrkur frá sveitarfélögum til að sækja viðburði og tómstundir.
- Bættari samgöngur í samræmi við það og læra af og nýta fyrri reynslu.
- Samnýta akstur. Hægt að keyra eldri borgara í austur og börn í vestur – nota ferðina.
- Íbúar koma að stefnumótun og áætlunargerð.

Fjölmenningsstefna:

- Bæði sveitarfélög eru með marga íbúa af erlendum uppruna og nauðsynlegt er að tengja þau inn í samfélögin.
- Mikilvægt er að mynda fjölmenningsstefnu nýs sameinaðs sveitarfélags. Hægt er að byggja á þeirri sem nú þegar er til staðar.
- Tungumál er lykll að því að komast inn í samfélagið. Sveitarfélagið bjóði upp á grunnkennslu í íslensku.

Samtvinning skóla-, íþróttá- og frístundastarfs.

- Skoða útfærslu Ísafjarðabæjar. Þar má meðal annars lesa:
 - *Í stundarskrá 1.-4. bekkjar er gert ráð fyrir frístundarhléi alla daga frá kl. 12:00-12:40 hjá 1.-2. bekk og frá kl. 11:00-11:40 hjá 3.-4. bekk. Nemendur þurfa að velja eitthvað eitt á hverjum degi. Einnig er hægt að koma við í Dægradvöl á milli kl. 8-16 virka daga*

Horfa til nýtingu íþróttamannvirkja.

- Aðlaga opnunartíma að þörfum íbúa.
- Samnýting starfsfólks og aðstöðu, t.d. færa æfingar á milli mannvirkja.

Viðhalda íþróttá- og menningarstyrkjum.

Möguleiki á að sameina stóra viðburði (17. júní, barnaball/jólaball og þess háttar).

- Hægt að halda viðburði á mismunandi stöðum.

Efla viðburðadagatal og fá betri yfirsýn yfir viðburði í öllu sveitarfélaginu.

Hvetja sjálfstæð félagasamtök áfram

- Þó svo félagasamtök séu ekki hluti af rekstri sveitarfélagsins þá þarf að hvetja þau áfram í sinni starfsemi, t.d. með niðurgreiðslu á aðstöðu/leigu á húsakosti í eigu sveitarfélagsins, fá fræðslu/fyrirlesara og fleira þess háttar.
- Stuðla að eins fjölbreyttri starfsemi og hægt er, þó það falli ekki undir sveitarfélagið. Nauðsynlegt fyrir fólk að það finni sig í einhverju félagsstarfi.

HVAÐ ÞARF AÐ VARAST:

- Ekki skera niður íprótta-, tómsstunda-, og menningarstarf í nafni hagræðingar bara til þess að hagræða. Þó þarf alltaf að taka mið af þörf breytts samfélags og breyttra aðstæðna.
- Nauðsynlegt er að taka mið af samfélagi hvers tíma og þörf einstaklinga hverju sinni.
- Samráð við svæðin eru mikilvæg til þess að koma í veg fyrir miðstýringu.
- Varast að jaðarbyggðir verði útundan og að einn kjarni sögi ekki allt til sín.

HVAÐ VILJUM VIÐ ALLS EKKI MISSA:

- Sérstöðu og fjölbreytni hvers svæðis (Slægjufundur, þorablót, árvissir tónleikar o.s.frv.)
- Núverandi þjónusta. Ekki skerða heldur betrumbæta og samræma.
- Félagshemilin og félagasamtök. Félagsskapinn og samverustundirnar sem fylgja þeim.

Hvort sem af sameiningu verður eða ekki eru þetta mikilvægir málaflokkar í sérhverju sveitarfélagi þegar kemur að félags- og menningarlegum auð, gæðum og vellíðan íbúa. Bæði sveitarfélögin eru nokkuð víðfeðm þó Þingeyjarsveit sé nokkru dreifðari. Áskoranir sameinaðs sveitarfélags eru lítt frábrugðnar þeim áskorunum sem fyrir eru kjósi íbúar ekki sameiningu.

Óháð niðurstöðu kosninga er ljóst að tækifæri til eflingar starfs eru fjölmörg á ýmsum sviðum. Samfélagið hefur tekið gríðarmiklum breytingum á skömmum tíma og við þurfum að lifa í takt við það. Þetta snýst ekki bara um að lifa af heldur að sjá tækifæri í breyttum aðstæðum og sækja fram.

Minnisblaðið var unnið yfir mánuðina mars – ágúst 2021. Starfshópin skipuðu Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Ásta Price, Helgi James Þórarinsson, Púriður Pétursdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristinn Björn Haraldsson, Eyþór Kári Ingólfsson, Marika Alavere, Ari Ingólfsson, Sólborg María Snorrardóttir, Gunnhildur Hinriksdóttir og Sigrún Björg Aðalgeirsdóttir.